

Eyjafjarðarsveit
Skólatröð 9
601 AKUREYRI

Garðabær, 18. desember 2023
Málsnúmer: 202312-0007 og -0008
SS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag og breytingu á aðalskipulagi vegna athafnasvæðis á Bakkafli.

Vísað er í tölvubréf frá Eyjafjarðarsveit gegnum skipulagsgátt, dags. 6. desember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna deiliskipulags nýs athafnasvæðis á Bakkafli. Einnig var í öðru tölvubréfi óskað um umsögn vegna breytingar á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 vegna sama máls.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu sem er sameiginleg fyrir skipulagstillögurnar tvær og mun skila einni sameiginlegri umsögn um málin tvö. Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagslýsingu.

Um er að ræða umfangsmikil áform sem fela í sér margvíslega starfsemi á svæði sem í dag er ekki ósnortið en er hins vegar við bakka Eyjafjarðará og því viðkvæmt svæði í ýmsum skilningi. Töluvert álag er á Eyjafjarðará og lífríki hennar og má þar nefna áhrif vegna nýlegra vegaframkvæmda við Hrafnagilshverfið, efnistöku úr áreyrum, nábýli við bílaumferð og ýmsa starfsemi. Breytingar hafa orðið á árfarvegi hennar og töluvert rask á votlendi í næsta nágrenni hennar. Allt hefur þetta áhrif á lífríki og huga þarf vandlega að ákvarðanatöku sem eykur hættu á frekara álagi.

Þau áform sem eru til skoðunar fyrir Bakkafli fela m.a. í sér efnistöku, efnislosun og geymslu á vélum og farartækjum sem allt getur falið í sér hættu á að mengun berist í ána. Fylgja þarf gaumgæfilega skilmálum laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og tryggja að ástand vatnshlots Eyjafjarðará rýrni ekki. Mengunarvarnir þurfa því að vera öflugar og forðast ætti með öllu að flytja mjög mengandi efni inn á svæðið. Þá ætti að forðast með öllu að raska frekar bökkum Eyjafjarðará og t.d. þarf að skipuleggja efnistökusvæði með tilliti til þess.

Skipulagssvæðið sjálft er nokkuð raskað og t.d. virðist lítið eftir af náttúrulegu votlendi. Svæðið getur engu að síður verið búsvæði fyrir fugla og annað lífríki. Æskilegt væri að gera úttekt á fuglalífi svæðisins til að hægt sé að leggja mat á hver umhverfisáhrif skipulagstillögunnar verða. Aukin starfsemi á svæðinu getur í senn raskað búsvæðum fugla en einnig valdið margvíslegri truflun, einnig fyrir fugla sem nýta ána og bakka hennar sem búsvæði. Þá þarf að leggja mat á hver áhrif á lífríki Eyjafjarðará geta orðið, sér í lagi á laxfiska. Einnig þarf að tryggja að með haugsetningu og annarri starfsemi aukist ekki hættu á að framandi ágengar plöntutegundir s.s. alaskalúpína og skógarkerfill dreifist frekar um svæðið og nágrenni þess.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum þegar deiliskipulagstillaga liggur fyrir.



Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

